

ANNA VIGDÍS GÍSLADÓTTIR

KYNNINGARBRÉF



Kæru félagsmenn HRFÍ,

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til varastjórnar HRFÍ til eins árs.

Ég fékk minn fyrsta hund 4 ára gömul og hef því nánast allt mitt líf verið nálægt hundum með örstuttum hléum. Minn fyrsta hreinræktaða hund fékk ég árið 2012 þegar ég eignaðist Border terrier tíkina Míu litlu.

Mín fyrstu kynni af Hundaræktarfélaginu voru fyrir rúmlega 25 árum þegar ég stundaði hundafimi hjá Íþróttadeild félagsins með Rough collie hundinum mínum, Káti Gísla. Við Kátur tókum þátt í ýmsum uppákomum deildarinnar, komum m.a. fram í Hljómskálagarðinum á 17. júní að sýna hundafimi. Mía litla og ég stunduðum einnig hundafimi, ásamt því að æfa hlýðni og taka þátt í hlýðniþrófum og náði Mía þeim árangri að verða OB-1.

Ég hef tekið þátt í sýningum félagsins frá 2014 þegar ég byrjaði að sýna hvolpa úr mínu fyrsta goti. Einnig fylgdi ég ungri frænku um tíma í unga sýnendur og mætti á alla viðburði hjá þeim.

Ég hef óbilandi áhuga á allri hundabjálfun og er mjög virk í að æfa hlýðni, rallýhlýðni og fleira með hundunum mínum.

Mér finnst mikilvægt að Hundaræktarfélagið sé leiðandi í öllu starfi sem snýr að hundum. Fræðsla innan félags og utan, hagsmunir okkar hundaeigenda, heilsa og velferð hunda eiga að vera í fyrirrúmi hjá félaginu.

Ég hef starfað sem framleiðandi í Kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslu í rúmlega 30 ár. Í mínu starfi skiptir skipulagning og sveigjanleiki öllu máli ásamt því að vinna vel með öðrum. Tel ég mig því vel til þess fallna að takast á við krefjandi verkefni sem þarfnast úrlausnar ásamt því að starfa með góðum hópi fólks. Ég tel að ég geti orðið félaginu okkar góður liðsstyrkur og geti stutt við stjórn félagsins og komið að málum sem ýta þarf úr vör og fylgja eftir.

Ég óska því eftir ykkar stuðningi í sæti varastjórnar til eins árs.

Með vinsemd,

Anna Vigdís Gísladóttir